

# Námsáætlun



## SPÆN1FF05 fjar - vorönn 2021

**Kennari: Vanessa G. Basáñez Escobar ([vanessa@fg.is](mailto:vanessa@fg.is))**

### Áfangalýsing

Nemendur æfast í að segja frá liðnum atburðum, læra notkun framtíðar og þjálfast í notkun mismunandi tíða. Þeir dýpka lesskilning sinn með því að lesa texta af ýmsum toga og æfast í að tjá sig bæði skriflega og munnlega um persónulega hagi, kunnugleg málefni, ferðalög og fleira. Nemendur fá aukna innsýn í menningarheim spænskumælandi landa og vinna menningartengt heimildaverkefni.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða í samræmi við hæfni- og leikniviðmið áfangans ásamt grunnatriðum málkerfisins
- útbreiðslu spænskunnar ásamt ólíkum venjum, staðháttum og menningu spænskumælandi landa

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja frásagnir og umræður um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja fyrirmælum á spænsku í kennslustundum
- lesa og skilja ýmiss konar einfalda texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita til þess viðeigandi aðferðum
- taka þátt í frekar einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og hefur áhuga á og geta beitt kurteis- og málvenjum við hæfi
- skrifa samfellda texta um ýmis kunnugleg efni, svo sem mann lýsingar, umhverfislýsingar, póstkort, frásagnir o.þ.h.
- beita helstu reglum um málnotkun á sem réttastan hátt í ræðu og riti
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- njóta einfaldra frásagna og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- takast á við ýmsar aðstæður í almennum samræðum á sjálfstæðari hátt en áður
- segja frá eigin þekkingu, reynslu, áhugamálum, skoðunum og líðan í ræðu og riti
- afla sér upplýsinga í textum um almenn efni
- greina aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir
- tjá skoðun sína á lesnum texta

### Kennslugögn:

- **Mundos nuevos 1, lesbók. Útg. Mál og menning.**
- **Lola Lago, detective. Vacaciones al sol. Útg. Difusión.**
- **Verkefnahefti** til útrentunar af Innu.

**Spænsk-íslensk orðabók** frá Máli og menningu eða sambærileg spænsk-ensk orðabók. Auk þess er mælt með að nemendur eigi **Íslensk-spænska orðabók** frá Forlaginu.

Athugið að áskrift að **ww.snara.is** veitir aðgang að báðum þessum orðabókum.

## Áætlun:



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 8.-11. mars.	<b>Lota 1:</b>	Lestur <i>Lolu Lago</i> hefst. LL-1-4	
02. 15.-19.mars	Æviágrip og frásagnir af liðnum atburðum. Veitingastaðir og ýmislegt um mat. Upprifjun á nútíð og núliðinni tíð. Samsett nútíð. Atburðapátíð. Lestur <i>Lolu Lago</i> hefst. MN 31, 32 og Verkefnahefti.	LL-5-8 <b>Ritunarverkefni 1</b> Skiladagur 19. mars	
03. 22.-26. mars	<b>Lota 2:</b>	<b>Rafrænt próf 1.</b> Skiladagur: 26. mars	
04. 7.-9. apríl	Veðrið, örlítið um landafræði og staðhætti Spánar. Orðaforði tengdur borgum, landslagi og ferðalögum. Boðhátur. MN 12, 29, 30, 34 og Verkefnahefti.	LL- 9-12 <b>Ritunarverkefni 2</b> Skiladagur: 9 apríl	Miðannarmat
05. 12.-16. apríl	<b>Lota 3:</b>	<b>Munnlegt verkefni:</b> Skiladagur: 16. apríl	
06. 19.-23. apríl	Ýmislegt um lönd Rómönsku Ameríku. Nemendur vinna þemaverkefni.	LL-13-16 <b>Rafrænt próf 2</b> Skiladagur: 26. apríl	
07. 26.-30. apríl	<b>Lota 4:</b> Spænskar hátíðir. Framtíð. MN 33 og Verkefnahefti.	<b>Lesskilningsverkefni</b> Skiladagur: 30. apríl	
08. 3.-7. maí		Hlustunarverkefni: Skiladagur: 7. maí	
09. 10.- 14. maí	Undirbúningur fyrir lokapróf		
10. 17.-18. maí			

**Lokapróf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf eru 21. maí.**

## Námsmat:



20% Tvö rafræn próf	Nemendum ber að taka skrifleg próf á tilsettum tíma. Kennari mun fara yfir þau og senda nemendum athugasemdir um hvað þarf að læra betur fyrir lokapróf ef ástæða er til.  Rafrænt próf 1. Skiladagur: 26. mars  Rafrænt próf 2. Skiladagur: 26. apríl
10% Ritunarverkefni	<b>Lola Lago</b> (tvö ritunarverkefni sem tengjast helstu tímum sem þú lærir í þessum áfanga eins og t.d. samsett nútíð (gerundio) og núliðin tíð, atburðapátíð eða framtíð). Ritunarverkefni 1. Skiladagur 19. mars Ritunarverkefni 2. Skiladagur 9. apríl
5% Lesskilningsverkefni	Lesskilningsverkefni úr Lola Lago: Skiladagur: 30. apríl
5% Virkni nemanda	
10% Munnlegt verkefni	Skiladagur: 16. apríl
10% Hlustunarverkefni	Skiladagur: 7. maí
40% Lokapróf	Ritun, lesskilningur, málfræði, orðaforði + Lola Lago.

### Athugið:

- Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.
- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema í mjög sérstökum tilvikum ef haft er samráð við kennara fyrirfram. Þess vegna verða öll verkefni og próf opnuð með góðum fyrirvara:  
→ Verkefni og próf opnast kl. 8.00 á upphafsdegi og lokast kl. 23.59 á skiladegi.
- **Það er hvorki leyfilegt að nota „GOOGLE TRANSLATE“ né „SPANISHDICT“.** Nemendur sem nota slík forrit við verkefnagerð fá 0 fyrir verkefnið.
- **Til að nemandinn standist áfangann þarf hann að fá 4,5 á lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.**